

Fr. Helga E. Þórisdóttir
Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2002

Ha 31/2002 BLB

Tilv.: 031

Efni: Umsögn um verndun hafs og stranda

Á fundi stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga 12. apríl sl. var meðal annars fjallað um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda. Eftirfarandi umsögn um frumvarpið var samþykkt:

Svæðisráð, sbr. 13. gr frumvarpsins.

Þar er landinu skipt í 5 svæði og er svæðisráð á hverju svæði skipað fulltrúum allra hafna svæðisins, ásamt fulltrúa Hollustuverndar ríkisins og er fulltrúi aðalhafnar formaður svæðisráðsins.

Hafnasamband sveitarfélaga telur góða reynslu hafa verið af núverandi svæðisráðum og leggur til að einu breytingarnar á þeim verði að slökkviliðsstjóri og heilbrigðisfulltrúi aðalhafnar komi inn í svæðisráðin í stað fulltrúa Hollustuverndar.

Verkaskipting og kostnaður.

Hafnasambandið telur nauðsynlegt að ígrunda frekar verkaskiptingu og skiptingu kostnaðar sem hlýst af framkvæmd laga, samkvæmt frumvarpinu, samanber 13., 19. og 21. greinar frumvarpsins.

Ennfremur þarf að skilgreina frekar 1. mgr. 7. gr. varðandi takmörkun fjárhagslegrar ábyrgðar.

Lögveð samkvæmt 21. gr. taki til skipa jafnt sem fasteigna.

Í núverandi fyrirkomulagi greiðir mengunarvaldur allan kostnað af notkun mengunarvarnarbúnaðar við óhapp eða við fyrirbyggjandi aðgerðir, þar með talinn kostnað við endurnýjun búnaðar, sem farga þarf að lokinni notkun.

Virðingarfyllst

Árni Þór Sigurðsson

formaður stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga